

## Samþykkt

### um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í Tálknafjarðarhreppi. Sveitarstjórn fer með framkvæmd þessarar samþykktar.

#### 2. gr.

Með búfjárhaldi í samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, sbr. 2. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald. Einnig tekur þessi samþykkt til vörslu/eldis á dúfum og fasönum. Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps.

#### 3. gr.

Utan lögbýla er ekki heimilt að halda fleiri en 15 kindur eða 2 hross. Um heimild til að halda annað búfé, eða fjölga því skv. ofanrituðu, þarf að semja um sérstaklega. Ekki er leyfilegt að hafa hana í hæsnahópi innan marka þéttbýlis. Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu tilkynna búfjárhald sitt til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

#### 4. gr.

Þeir íbúar sem hyggjast sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. gr. skulu senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess, húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Óheimilt er að halda búfé, nema hafa fyrir það hús sem samræmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beutiland og fóður fyrir allt sitt búfé og hann skal tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrarþeir skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðundandi skjól og örugga vörslu.

Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt lögum og reglum.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum, veitir hún leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. eða samþykkt þessari, má svipta hann leyfi til búfjárhalds með þriggja mánaða fyrirvara.

#### 5. gr.

Lausaganga stórgripa er bönnuð, sbr. reglugerð um girðingar nr. 748/2002 og reglugerð um vörslu búfjár nr. 59/2000. Öllum umráðamönnum stórgripa í sveitarfélaginu á lögbýlum og utan þeirra er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga.

## 6. gr.

Nú verður stórgripa vart utan vörslugirðinga sem og sauðfjár og geitfjár innan þéttbýliskjarna og skipulögðum ípróttasvæðum sem eru afgirt samkvæmt ákvæðum girðingarlaga nr. 135/2001 og reglugerð um girðingar nr. 748/2002, þá er þeim er sér skylt að tilkynna það til sveitarfélagsins. Sveitarfélagið skal sjá til þess að láta handsama búfénaðinn og færa í örugga vörslu. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá. Við ítrekuð brot eða hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga, er heimilt að sekta um áfallinn kostnað og/eða svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o. fl.

## 7. gr.

Við framkvæmd fjallskila að hausti gilda ekki ákvæði í þessari samþykkt heldur einungis ákvæði laga um afréttarmálefni og fjallskil í Vestur-Barðastrandarsýslu.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 103/2002 um búfjárhald og öðlast þegar gildi.

Samþykkt á 477. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps.

Tálknafirði 20. nóvember 2014.

*Indriði Indriðason*  
sveitarstjóri